

Stjórn síðast árs var þannig:

Formaður Sverrir Einarsson

Varaformaður Pétur Örn Sverrisson

Gjaldkeri Margrét Tómasdóttir

Ritari Ólafur Karl Eyjólfsson

Meðstjórnendur Snorri Freyr Garðarsson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Kristján Ríkharðsson

Haldnir voru 24 stjórnarfundir.

Einnig eru fjölmargir fundir sem stjórnarmenn hafa setið með öðrum nefndum.

Félagsmenn í Spretti eru 1655. 18 ára og eldri eru 813.

Starfsmenn.

Magnús Benediktsson framkvæmdastjóri lét af störfum 1 febrúar 2020 og þökkum við frábært framlag hans til félagsins. Við tók Lilja Sigurðardóttir í 60% starf.

Jóhanna Elka Guðmundsdóttir bókari í 50% starfi.

Þökkum þeim góð störf.

Fjármál og félagsstarf.

Allt starf félagsins sem og mótahald litaðist af ástandinu í þjóðfélaginu og reglubundið starf fór svo til allt úr skorðum.

Árshátið, þorablót, skötuveisla, stóðhestaveisla, Dymbilvikusýning, Karlatölt og aðrir viðburðir í veislusal var meira og minna frestað eða slegin af.

Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur umsjón með veislusalnum og sér um bókanir/ útleigu.

Veislusalurinn var leigður til Hörðuvallaskóla frá byrjun nóv til 18 des fyri kennslu í 8 bekk.

Formaður ætlaði að bjóða í kaffisþjall síðasta laugardag í hverjum mánuði en v/covid tókst það einungis 2 og þá var mjög góð mæting.

Sprettur hefur getað nýtt sér hlutabótaleiðina og fengið styrk v/tekjumissis.

Framkvæmdir.

Miklar framkvæmdir hafa verið á svæðinu. Lögð reiðleið framhjá Samskipahöllinni til vesturs og tengist reiðleið í átt að Húsasmiðjuhöllinni.

Reiðgatan þar hefur verið hækkuð og sett plan sem hægt er að leggja bílum á. Með þessu hefur bílastæðum fjölgað til muna og hægt að fylgjast með viðburðum á keppnissvæðinu úr bílum á planinu.

Gamla tunnugerðið neðst við Heimsendann hefur verið fjarlæggt og byrjað að undirbúa að setja norðan við það stórt gerði ásamt nýju hringgerði.

Gamla félagsgerðið úr Gusti hefur verið sett við endann á reiðveginum meðfram Hestheimum ásamt nýju hringgerði.

Þegar eru hafnar viðgerðir á stóra gerðinu á vesturbakkanum og búið að setja upp nýtt hringgerði.

Settar voru girðingar við þá ljósastaura sem talið var að gætu valdið slyshættu við norður enda Hestheima.

Útbúin hefur verið „tippur“ þar sem félagsmenn hafa getað losað hrossaskít fyri lítið gjald.

Unglingavinnuhópar frá Kópavogi og Garðabæ komu til starfa á svæðinu sl sumar.

Mikil tiltekt hefur farið fram á svæðinu. Sérstaklega á kerrustæðum sem voru mjög slæm.

Miklum fjölda beitarhólfa var bætt við í sumar og leigð út til félagsmanna. Heildarfjöldi hólfa er nú 120.

Rekstrarhringur var girtur upp og gátu félagsmenn nýtt sér hann milli 6-9 á hverjum morgni.

Einnig var gamli gæðingavöllurinn girtur þannig að hægt var að reka stóðhesta/sparihesta þar.

Stefnt er að því að setja upp Trek völl við norður enda gamla gæðingavallarins.

Mikil vinna farið í að fá skilti og setja upp á reiðleiðina okkar.

Fengum styrk frá VÍS til að gera skilti til að merkja innkomu svæðið okkar. Er búið að setja upp að hluta til.

Félagshesthús.

Hrafnhildur Blöndahl kom að utanumhaldi á félagshesthúsi á vordögum 2020 og sér um að í dag. Í húsinu eru 5 ungmenni með hesta sína þar sem allir hjálpast að við að sjá um húsið, gefa kvöldgjafir og hirða um húsið.

Mótahald.

Áhugamannadeildin var á sínum stað en varð þó að fresta síðustu grein v/covid og halda á Samskipavellinum í maí.

3 vetrarleikar, þrígangsmót, Íþróttamót Spretts, Gæðingamót Spretts og Metamót Spretts voru haldin. Einnig Kvennatölt Spretts í júní. Einnig var sett upp Síðsumarmót Spretts í ágúst. Þau leiðu mistök áttu sér stað á Metamótinu að sami keppandi gat skráð sig í bæði 150 og 250 metra skeið en slíkt er ekki heimilt. Galli í Sportfeng. Gerð var athugasemd við þetta og þá kom í ljós að mistök höfðu einnig verið gerð við skil á mótsskýrslu sem endað á að mótið var dæmt ógilt þe tölt og skeiðgreinar hjá aganefnd LH. Málinu var vísað til Dómstóls ÍSÍ sem úrskurðaði að skila mætti inn nýrri mótsskýrslu og þá teldist mótið löglegt. Það var gert. Athugasemd hefur verið send frá mótssstjórn inn til aganefndar LH v/skeiðsins í 150 og 250 metrunum.

Keppendur.

Börn og unglingar í Spretti stóðu sig með miklum sóma á Íslandsmótinu sem og öðrum mótum. Elva Rún Jónsdóttir varð Íslandsmeistari í tölti barna og Hekla Rán Hannesdóttir Íslandsmeistari í slaktaumatölti.

Elva Rún Jónsdóttir og Ragnar Sveinbjörnsson voru stigahæst í barnaflokki Spretts Hulda María Sveinbjörnsdóttir og Sigurður Baldur Ríkharðsson voru stigahæst í unglingsaflokki Spretts.

Herdís Lilja Björnsdóttir og Hafþór Hreiðar Birgisson voru stigahæst í ungmennaflokki og þar sem ungmenni voru gjaldgeng til Íþróttamanns og konu Spretts voru þau það einnig.

Framúrskarandi keppnisárangri náðu einnig Valdís Björk Guðmundsdóttir, Bríet Guðmundsdóttir, Kristófer Darri Sigurðsson og Jóhann Kristinn Ragnarsson.

Frá janúar 2020 til dagsins í dag hafa Bríet Guðmundsdóttir, Sigurður Baldur Ríkharðsson, Hekla Rán Hannesdóttir, Hulda María Sveinbjörnsdóttir, Hafþór Hreiðar Birgisson og Kristófer Darri Sigurðsson verið valin í U-21 landsliðshópinn. Frábær árangur.

Nefndir.

Haldin var nefndarfundur í febrúar og var þátttakan góð. Nefndarstarf hjá félaginu var gott og tókst vel til miðað við aðstæður.

Nefndarfólki eru færðar sérstakar þakkir fyrir sitt starf.

Landsþing LH.

Landsþing LH var haldið í haust og var það Zoom fundur. Sprettur átti rétt á að senda 22 fulltrúa og flestir hittust í Samskipahöllinni en henni var skipt í 3 rými.

LM 2024

Undirritaður var samningur um LH 2022. Vegna frestunar á LM 2020 á Hellu fór LH framá það við Sprett að færa okkar mót LM2022 til LM2024 og var það auðsótt mál af okkar hálfu.

Reiðhallirnar.

Samskipa og Húsasmiðjuhöllin voru mjög ásettnar og lyklar af þeim seldust vel. Reynt hefur verið að hafa lausa tíma fyrir almennan félagsmann á milli 18-21 í Húsasmiðjuhöllinni og amk 1 laust bíl í Samskipahöllinni.

Opnunartímar hallanna voru rýmkaðir til að nýta húsin sem best.

Lokaorð.

Það hefur verið stefna okkar að efla starfið í félaginu sem mest og reyna að sinna kröfum félagsmanna í hvívetna, bæði keppnis sem og hinu almenna útreiðafólki, ungum sem eldri. Stefnumótun á félaginu eru brýnt verkefni og sjá hvert við viljum fara með starfið í Spretti. Það er mikill mannauður í félaginu og gaman væri að sem flestir gæfu kost á sér til starfa fyrir Sprett.